

Sjálfsmatsáætlun

Menntaskólans í Reykjavík

2010 - 2011

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Sjálfsmat.....	5
2.1	Sjálfsmatsáætlun 2010 – 2011	5
2.1.1	Samantekt jólaprófa.....	5
2.1.2	Foreldrakönnun	5
2.1.3	Kennslukönnun.....	5
2.1.4	Starfendarannsóknir	6
2.1.5	Umbótaáætlun	6
2.2	Ný heimasíða	7
2.3	Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára	7
3	Lokaorð	7

1 Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólakerfisins á Íslandi og ber hverjum skóla að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, kennslu- og stjórnunarhætti ásamt samskiptum innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra. Þessi hópur skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík er elsti skóli landsins og á sér merka sögu. Hann kappkostar að skila nemendum sínum vel undirbúnum út í lífið. Aðalmarkmið skólans er að veita nemendum haldgóða bóklega menntun og gera þá sem hæfasta til þess að stunda nám við háskóla jafnt hér á landi sem erlendis að loknu stúdentsprófi.

Stefnuskrá, markmið og leiðir

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum félagslegt uppeldi og stuðla að alhliða þroska þeirra svo að þeir séu sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að efla sjálfstraust nemendanna með því að gera þeim ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun og símenntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem nýjasta tækni á tölvusviði býður upp á, svo sem gagnabanka, nettengingar, samstarf o.fl.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi; sömuleiðis að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingsskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi. Í fjölbreyttu félagsstarfi fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við menntamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og stöðtíma þar sem nemendum standa til boða aukatímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1%, samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi vorpróf	í Fall prófum	á %	Hætta í MR eða falla á árinu	%
1999	830	773	61	7,9%	118	14,2%
2000	749	727	80	11,0%	102	13,6%
2001	747	712	62	8,7%	97	13,0%
2002	779	757	88	11,6%	110	14,1%
2003	814	785	47	6,0%	76	9,3%
2004	840	826	53	6,4%	67	8,0%
2005	850	825	23	2,8%	48	5,6%
2006	865	852	65	7,6%	78	9,0%
2007	877	861	45	5,2%	61	7,0%
2008	853	845	41	4,9%	49	5,7%
2009	908	891	41	4,6%	58	6,4%
2010	878					

Í upphafi skólaárs 2010-2011 voru innritaðir nemendur 878, þar af voru 168 eða 19% á málabraut og 710 eða 81% á náttúrufræðibraut. Aðsókn að málabraut hefur aukist aftur og í vor voru tveir bekkir af níu innritaðir á málabraut. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 58% nemenda stúlkur og 42% piltar en þetta er svipuð kynjaskipting og á síðasta skólaári.

Skólaárið 2010-11 eru starfsmenn skólans 94, þar af 80 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinna einnig kennslu), 1 kerfisstjóri, 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 1 hjúkrunarfræðingur, 2 bókasafnsfræðingar, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mótuneytis, og 2 með sérverkefni (umsjón heimasíðu og ritstjórn skólaskýrslu). Kynjaskipting er nokkuð jöfn en í starfsmannahópnum eru 52 konur og 42 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 6 þeirra eru með doktorspróf, 42 með meistaraþróf, 27 með viðbótarnám eftir B gráðu, 2 með B gráðu háskólastigs og 3 leiðbeinendur hafa ekki lokið B gráðu háskólastigs. Nokkrir eru án kennsluréttinda eða alls 11. 1 þeirra er leiðbeinandi með undanþágu til kennslu, 5 eru leiðbeinendur með 6 vikustundir og 5 eru stundakennarar en flestir þeirra kenna valgreinar.

2 Sjálfsmat

Sjálfsmat MR hefur verið í nokkuð föstum skorðum þar sem ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa og kennslukönnun sem tekur ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans. Sá hluti hefur áður verið mjög breytilegur á milli ára með mismunandi árherslum en kennsluhlutinn svipaður frá ári til árs. Þessu til viðbótar hefur verið bryddað upp á starfendarannsóknunum með megindegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum.

2.1 Sjálfsmatsáætlun 2010 – 2011

2.1.1 Samantekt jólaþrófa

Á hverju ári eru niðurstöður jólaþrófa teknar saman og kynntar á kennarafundi í lok haustmíssis. Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkir í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Niðurstöður jólaþrófa eru svo teknar fyrir í einstaklingsviðtölum umsjónarkennara við umsjónarnemendur sína. Þá fer kennarinn með nemendunum í gegnum árangur þeirra og á vormíssis er jólaþrófsárangur sérstaklega skoðaður og sjónum ekki síst beint að þeim sem hefur gengið illa.

2.1.2 Foreldrakönnun

Á þessu nýbyrjaða skólaári er áberandi mikill áhugi foreldra á skólagöngu barna sinna og hafa bekkirnir verið þéttsetnir á foreldrafundum. Gæðanefndin hefur því ákveðið að nýta sér þennan áhuga og gera rafræna könnun á viðhorfi foreldra til skólastarfsins og athuga hvað betur mætti fara í samstarfi foreldra, nemenda og skóla að þeirra dómi.

Öllum forráðamönnum 3. bekkinga verður sendur tölvupóstur og þeir beðnir um að svara nokkrum spurningum rafrænt í gegnum questionpro.com. Könnunin verður gerð í lok haustmíssis og niðurstöður sóttar í byrjun vormíssis. Niðurstöðurnar verða svo greindar og nýttar til umbóta.

2.1.3 Kennslukönnun

Kennslukönnunin er gerð á meðal allra nemenda að vori í lok hvers skólaárs. Í könnuninni svara nemendur spurningum um kennslu, kennsluhætti, námsbækur og þess háttar fyrir hverja námsgrein sem þeir eru í. Almennur hluti könnunarinnar tekur fyrir ákveðna þætti úr starfi skólans. Spurningar kennslukönnunarinnar eru endurskoðaðar á hverju ári með það að markmiði að gera þær þannig úr garði að svörin verði sem marktækust og að auðvelt sé að greina niðurstöður könnunarinnar.

Þegar niðurstöður kennslukönnunarinnar liggja fyrir tekur rektor viðtöl við alla nýja kennara og aðra kennara eftir þörfum. Almenni hluti kennslukönnunarinnar er greindur og reynt er að bregðast við ef í ljós kemur að þeim þætti starfsins sem skoðaður var er ábótavant.

2.1.4 Starfendarannsóknir

Á fyrra starfsári fóru kennarar (í ensku, íslensku, líffræði og stærðfræði) af stað með svokallaðar starfendarannsóknir. Markmið starfendarannsókna er að breyta eða bæta eigin kennslu og nám nemenda. Að þessu sinni völdu hóparnir að skoða áhrif athugasemda sinna við ritgerðir og heimaverkefni á nemendur og hvernig þeir nýta sér þær. Niðurstöður skýrslna íslenskudeildar og stærðfræðideildar liggja fyrir þegar sjálfsmatsáætlun þessi er rituð í lok september 2010.

Mikilvægt er að kennararnir hafi tíma og rými til að ígrunda eigið starf og með fullri kennslu er sá tími naumur en mikill vilji stendur til að halda þessum rannsóknum áfram á skólaárinu 2010-2011 með þátttöku fleiri deilda. Kennararnir geta bæði unnið rannsóknirnar saman í hóp en einnig getur hver kennari valið að gera eigin rannsókn.

2.1.5 Umbótaáætlun

Kennslukönnun, gerð í lok skólaársins 2009-2010, byggðist annars vegar á spurningum um kennslu og kennsluhætti fyrir hverja námsgrein og hins vegar var almennur hluti sem að þessu sinni var tileinkaður námsnetinu MySchool og notkun þess auk annarra þátta skólastarfsins svo sem námsráðgjöf, hjúkrun, bókasafni og skrifstofu. Markmiðið var að skoða hvort einhvern þessara þátta þyrfti efla og bæta svo þeir kæmu að tilætluðu gagni fyrir nemendur. Í ljós kom að einungis 51% þeirra nemenda sem tóku afstöðu (128 nemendur tóku afstöðu) voru sammála eða mjög sammála um að auðvelt væri að ná fundi hjúkrunarfræðings. Til þess að bæta úr þessum þætti og auðvelda nemendum aðgengi að hjúkrunarfræðingi, sem starfar við skólann í hlutastarfi, var tekin ákvörðun um að auglýsa mun betur viðtalstíma hjúkrunarfræðingsins.

Sá þáttur í ofangreindri kennslukönnun sem viðkemur námsnetinu MySchool sýnir að 86% þeirra sem tóku afstöðu (566 nemendur tóku afstöðu) eru sammála eða mjög sammála um að námsnetið MySchool nýtist þeim vel. Hins vegar eru 69% þeirra sem tóku afstöðu (af 550) sammála eða mjög sammála um að kennarar séu duglegir að setja verkefni og skriflegar æfingar á námsnetið MySchool en 52% þeirra sem tóku afstöðu (af 403) sammála eða mjög sammála að kennarar séu duglegir að setja námsefni inn á námsnetið MySchool. Skýring á því að prósentuhlutfallið er ekki hærra er einkum sú staðreynd að kennarar eru ekki allir með tölvutækt efni. Notkun námsnetsins hefur þó verið að aukast og kennarar meðvitaðir um að setja námsefni og æfingar á netið ef þess er nokkur kostur.

Enn fremur var kannað hvort kennarar birta einkunnir úr verkefnum og skriflegum æfingum á námsnetinu en aðeins 41% af þeim sem tóku afstöðu (af 391) eru sammála eða mjög sammála um að kennarar séu duglegir við að birta nemendum einkunnir úr verkefnum og skriflegum æfingum á námsnetinu. Til að bæta úr þessum þætti og stuðla að meiri notkun kennara á námsnetinu hefur verið ákveðið að halda námskeið fyrir kennara skólans um námsnetið MySchool á vormisseri 2011. Í kennslukönnun sem lögð verður fyrir nemendur í mars næstkomandi mun svo koma í ljós hvort notkun kennara á námsnetinu er enn ábótavant og ef sú verður raunin, verður samin aðgerðaráætlun haustið 2011 og eftirfylgni hennar skipulögð.

2.2 Ný heimasíða

Ný heimasíða fyrir Menntaskólann í Reykjavík er í smíðum. Til stendur að sjálfsmat skólans fái svæði þar sem skýrslur og önnur gögn tengd sjálfsmatinu verða birt. Mun þetta auka sýnileika starfsins og aðgengi allra að niðurstöðum og aðgerðaráætlunum.

Vefstjóri mun svo sjá um að gera úttektir á nýrri heimasíðu hjá notendum hennar, nýnemum, eldri nemendum, foreldrum, kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki skólans. Bæði verður til athugunar innihald síðunnar og notendaviðmót hennar. Vefstjóri mun svo greina niðurstöðurnar og laga nýju síðuna að óskum notenda.

2.3 Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára

Á þessu skólaári munu fara í gang ný verkefni á sviði gæðamats og stefnan er að halda áfram að vinna þau næstu tvö ár. Jafnframt munu hefðbundnari rannsóknir skólasterfsins verða í sínum stað.

Foreldrakönnuninni, sem frestað var á síðasta ári, verður fylgt eftir. Gerð verður rafræn könnun á viðhorfi foreldra til skólasterfsins og athugað hvað betur mætti fara í samstarfi foreldra, nemenda og skóla að þeirra mati. Niðurstöðurnar verða svo nýttar til að bæta skólasterfið.

Einn af föstum liðum sjálfsmats Menntaskólans í Reykjavík er kennslukönnun sem allir nemendur taka þátt í á vorin. Á þessu ári mun kennslukönnunin vera endurhönnuð með því markmiði að kennarar og aðrir starfsmenn skólans geti nýtt sér niðurstöður hennar betur. Á næsta starfsári skal svo metið á meðal kennara hvort breytingarnar báru árangur og hvort gera mætti enn betur. Ef svo er heldur umbótasterfið áfram skólaárið 2011-2012.

Haustið 2010 munu nýjar starfendarannsóknir fara af stað. Viðfangsefnið verður í höndum þeirra kennara sem taka þátt í þeim. Kennararnir geta bæði unnið rannsóknirnar saman í hóp en einnig getur hver kennari valið að gera eigin rannsókn. Æskilegt er að kennarar sjái árangur af þeirri vinnu sem þeir leggja í starfendarannsóknir. Er það von gæðanefndar að fleiri kennarar sjái sér hag í því að taka sjálfir þátt í starfendarannsóknunum og á þann hátt að bæta starf sitt sér og nemendum sínum til hægðarauka og heilla.

Í framhaldi af formlegri úttekt á nýrri heimasíðu skólans og umbótum á henni mun notendum verða gefið færi á því að senda inn tillögur um breytingar á síðunni.

3 Lokaorð

Menntaskólinn í Reykjavík hefur leitast við að skipuleggja formlegt og altækt sjálfsmat sem miðar að því að bæta starf skólans. Reynt hefur verið að gæta að fjölbreytileika í starfinu og auka þátttöku starfsmanna og nemenda í sjálfsmatinu. Menntun er fjárfesting til framtíðar. Skóli er ekki aðeins vinnustaður kennara og annars starfsfólks heldur einnig, og ekki síður, nemenda. Því er mikilvægt að árangur af starfi MR verði sem heilladrýgstur fyrir alla. Til þess að svo megi verða þarf stöðugt að finna leiðir til að leggja mat á það starf sem fyrir er með tilliti til þróunar skólasterfsins svo það verði á hverjum tíma eins og best verður á kosið.